


Gamalt ævintýri

Heiðrekur Guðmundsson

Margrét Ólafsdóttir



2. En langt af öllu öðru
hans aldingarður bar.
Þar uxu rauðar rósir
og reynitré og bjarkir.
Og fleygir fuglar sungu
um fegurð lífsins þar.
3. Það komu eitt sinn krakkar
með kátum ærslabrag
og hentust inn um hliðið
og hoppuðu um garðinn.
Þeir voru að fagna frelsi
einn fagran sólskinsdag
4. Þeir sulgu sumarloftið
og sungu og hlógu dátt.
En þeim að baki þeyttist
í þykkum mekki rykið
og hvarf í gráum hnyklum
í heiðið fagurblátt.
5. Þá blés af bræði risinn.
En börnin tóku á rás.
Og hópinn hláturmilda
hann hrakti' úr garði sínum,
af vorsins græna grasi.
Og grindin skall í lás.
6. Þá flugu burtu fuglar.
Það fauk í sérhvert skjól,
og blómin brugðu liti
og blöðin hrundu af trjánum.
Og í þeim aldingarði
skein aldrei framur sól.